



BETRI
SAMGÖNGUR

Staða og framgangur verkefna

Árshelmingsskýrsla júní 2025

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Fjárfestingar	5
2.1 Stofnvegir	7
S1: Vesturlandsvegur: Skarhólabraut-Hafravatnsvegur	7
S2: Reykjanesbraut: Kaldárselsvegur-Krísuvíkurvegur.....	7
S3: Suðurlandsvegur: Bæjarháls-Vesturlandsvegur	7
S4: Arnarnesvegur-Breiðholtsbraut	8
S5: Sæbrautarstokkur.....	8
S6: Gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar	9
S7: Reykjanesbraut: Álftanesvegur-Lækjargata	9
S8: Miklubrautarstokkur	9
S9: Garðabæjarstokkur	9
S10: Miklubraut – bráðabirgðatenging við Landspítala	9
2.2 Borgarlínan.....	10
Lota 1: Ártún-Hlemmur og Hlemmur-Hamraborg	10
Lota 2: Hamraborg-Lindir	12
Lota 3: BSÍ-Mjódd.....	12
Lota 4: Fjörður-Miklabraut.....	13
Lota 5: Ártúnshöfði-Spöng	13
Lota 6: Gullinbrú-Háholt	13
2.3 Göngu- og hjólastígar	14
Stofnstígar við nýjan Arnarnesveg	15
Elliðaárdalur – Ný brú við Grænugróf og stígar að nýrri brú við Dimmu	15
Elliðaárdalur brú við Dimmu	15
Skógarhlíð.....	15
Ásbraut 15	
Kársnesháls, sunnan Hamraborgar að Kópavogsdal.....	15
Hafnarfjarðarvegur, sunnan undirganga við Arnarneshæð	15
Hafnarfjarðarvegur, Norðurbær- Engidalur	16
Brú yfir Álftanesveg.....	16
Hafnarfjarðarvegur við Ásahverfi í Garðabæ	16

Hafnarfjarðarvegur í vogi Kópavogs.....	16
Hafnarfjarðarvegur norðan undirganga við Arnarneshæð	16
Fjarðarhraun við Bæjarhraun.....	16
Nesvegur og Suðurströnd	17
Nesvegur og Ægissíða.....	17
2.4 Öryggi og flæði	18
2.5.1 Umferðarstýringar.....	18
2.5.2 Umferðarflæði og öryggisaðgerðir.....	19
3. Fjármögnun	23
3.1 Keldnalandið	23
3.2 Flýti- og umferðargjöld.....	25
3.3 Lántökur	25
4. Innri mál	26
4.1 Aðalfundur og stjórn	26
4.2 Umbætur á stjórnkerfi Samgöngusáttmálans.....	26
4.3 Skrifstofa	26
4.4 Stefnumótun	26

1. Inngangur

Starfsemi Betra samgangna tók verulegum breytingum í kjölfar uppfærslu Samgöngusáttmálans í ágúst í fyrra. Aukið umfang verkefna og tilfærsla þeirra frá Vegagerðinni til Betri samgangna kölluðu á endurskipulagningu. Markmiðið með breytingunni var að auka skilvirkni, einfalda boðleiðir og færa verkefni nær eigendum sínum.

Líkt og kveðið er á um í Samgöngusáttmálanum ber Betri samgöngum að skila hluthöfum sínum skýrslu á sex mánaða fresti um framgang verkefna og áætlana. Stýrihópur Samgöngusáttmálans er skipaður forsætisráðherra, innviðaráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, borgarstjóranum í Reykjavík og formanni og varaformanni Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH). Tilgangur hans er að tryggja upplýsingaflæði um framgang fjárfestinga og stefnumarkandi mál. Stýrihópurinn kemur einnig að stefnumótandi ákvörðunum er varða fyrirtækið og koma til meðferðar Alþingis og sveitarfélaganna. Í hluthafasamkomulagi segir að stjórn skuli skila skýrslu til stýrihópsins um stöðu og framgang verkefna og er skýrslan gerð að því tilefni.


2. Fjárfestingar

Árið 2025 er sjöunda ár gildistíma Samgöngusáttmálans. Í [framkvæmdatöflu uppfærðs Samgöngusáttmála](#) er að finna áætlaðan kostnað og tímabil áætlaðra framkvæmda einstakra verkefna. Við röðun framkvæmda var tekið mið af samþykktu fjárflæði til verkefna sáttmálans, áhrifum framkvæmda á umferðarflæði höfuðborgarsvæðisins og mikilvægi verkefna fyrir bætt staðbundið umferðarflæði. Árleg fjármögnun og fjárfestingar í verkefnastofnum sáttmálans eru sýndar í meðfylgjandi töflu.


Framlög	2019	2020	2021	2022	2023	2024	1.5.2025	Samtals
Ríkissjóður	2.400.000.000	3.079.883.721	2.488.953.488	2.294.767.442	3.414.765.116	2.692.647.419	3.360.400.000	13.678.369.767
Sveitarfélög	1.000.000.000	1.039.941.860	1.094.476.744	1.147.383.721	1.206.393.349	1.346.337.209	985.641.762	7.820.176.645
	3.400.000.000	4.119.825.581	3.583.430.232	3.442.151.163	4.621.160.465	4.038.984.628	4.346.041.762	21.498.546.412

Framkvæmdir	2019	2020	2021	2022	2023	2024	1.5.2025	Samtals
Stofnvegir	858.007.384	3.417.092.691	312.341.734	763.135.642	1.104.238.155	3.578.745.159	1.251.066.341	11.284.627.106
Borgarlína	86.430.000	464.565.848	494.260.886	1.451.244.464	1.259.393.957	1.156.309.596	419.454.125	5.331.658.876
Virkir ferðamatár	0	426.963.273	819.968.842	699.453.639	589.686.303	782.742.063	25.526.821	3.344.340.941
Undirgöng, göngubrýr, öryggi og flæði	461.334.802	253.481.468	348.710.520	224.170.953	502.201.759	708.039.166	128.874.588	2.626.813.256
	1.405.772.186	4.562.103.280	1.975.281.982	3.138.004.698	3.455.520.174	6.225.835.984	1.824.921.875	22.587.440.179

Fjárfestingar í verkefnastofnum sáttmálans sem hlutfall af áætluðum P50 kostnaði samkvæmt framkvæmdaáætlun uppfærðs Samgöngusáttmála (með vísitöluhækkun samkvæmt áætlunarvísitölu Vegagerðarinnar fyrir apríl 2025) er sýnd á meðfylgjandi skífuritum. Eins og sjá má er heildarkostnaður við undirbúning Borgarlínunnar kominn í um 4% af áætluðum heildar kostnaði allra sex lota. Rétt er að hafa í huga að við undirbúning fyrstu lotu er lagður grunnur að öllum hönnunarforsendum og almennri útfærslu fyrir allar lotur og því nýtist sú vinna fyrir allar lotur.




Virkir ferðamátar



■ Bókað ■ Eftirstöðvar

Undirgöng, göngubrýr, öryggi og flæði



■ Bókað ■ Eftirstöðvar

Nánari lýsingu einstakra verkefna má finna í greinargerð uppfærðs Samgöngusáttmála á slóðinni <https://betrisamgongur.is/rikid-og-sex-sveitarfelag-gera-samkomulag-um-uppfaerdan-samgongusattmala/> og í verksjá fyrirtækisins á www.verksja.is.

2.1 Stofnvegir

Taflan að neðan sýnir áætlaðan kostnað (P50) einstakra stofnvegaverkefna með vísitöluhækkun samkvæmt áætlunarvísitölu Vegagerðarinnar fyrir apríl 2025 ásamt bókuðum kostnaði á einstök verk 30. apríl 2025. Norðlingavað – Bæjarháls verkefnið var felld út úr Samgöngusáttmálanum við uppfærslu hans en engu að síður hefur fallið til kostnaður þar sem verkefnið var komið í gang og kostnaður sem af því hefur hlotist hefur verið greiddur af Samgöngusáttmálanum.

Verðlag apríl 2025 m.kr.: vísitala 25020	Uppreiknað P50	Bókaður kostnaður	Hlutfall
Stofnvegir			
Bæjarháls - Vesturlandsvegur	600	592	99%
Skarhólabraut - Hafravatnsvegur	1.000	971	97%
Kaldárselsvegur - Krýsuvíkurvegur	3.100	3.076	99%
Norðlingavað - Bæjarháls	200	381	
Gatnamót við Bústaðaveg	2.605	88	3%
Reykjanesbraut/Sæbraut - Holtavegur - Stekkjabakki (Sæbrautarstokkur)	26.258	824	3%
Reykjanesbraut - Álfarnesvegur - Lækjargata	20.944	190	1%
Arnarnesvegur - Rjúpnavegur - Breiðholtsbraut	8.336	4.721	57%
Miklabraut - jarðgöng	56.996	293	1%
Miklabraut - bráðabirgðatengingar við Landspítala	2.501	0	
Hafnarfjarðarvegur - stokkur í Garðabæ	13.337	0	
Stjórnun stofnvega	104	148	142%
	135.981	11.284	8%

Stofnvegaverkefnin eru á mismunandi stigum undirbúnings og framkvæmda eins og sjá má í meðfylgjandi töflu. Norðlingavað - Bæjarháls var tekið út úr sáttmálanum með uppfærslu í ágúst sl., en eftir á að gera það upp við Vegagerðina þannig að það sem hefur verið fjárfest hingað til verði endurgreitt.

Nr.	Verkefni	Frumdrög	Forhönnun	Verkhönnun	Framkvæmd
S1	Skarhólabraut - Hafravatnsvegur	Lokið	Lokið	Lokið	Lokið
S2	Kaldárselsvegur - Krýsuvíkurvegur	Lokið	Lokið	Lokið	Lokið
S3	Bæjarháls - Vesturlandsvegur	Lokið	Lokið	Lokið	Lokið
S4	Arnarnesvegur - Rjúpnavegur - Breiðholtsbraut	Lokið	Lokið	Lokið	Í framkvæmd
S5	Reykjanesbraut/Sæbraut - Holtavegur - Stekkjabakki (Sæbrautarstokkur)	Lokið	Lokið		
S6	Gatnamót við Bústaðaveg	Lokið			
S7	Reykjanesbraut - Álfarnesvegur - Lækjargata	Í vinnslu			
S8	Miklabraut - jarðgöng	Lokið			
S9	Hafnarfjarðarvegur - stokkur í Garðabæ	Ekki hafið			
S10	Miklabraut - bráðabirgðatengingar við Landspítala	Ekki hafið			
	Norðlingavað - Bæjarháls - felld út úr verkefnasafni sáttmálans við uppfærslu 2024				

S1: Vesturlandsvegur: Skarhólabraut-Hafravatnsvegur

Staða: Verkefninu lauk árið 2022.

S2: Reykjanesbraut: Kaldárselsvegur-Krýsuvíkurvegur

Staða: Verkefninu lauk árið 2021.

S3: Suðurlandsvegur: Bæjarháls-Vesturlandsvegur

Staða: Verkefninu lauk árið 2021.

S4: Arnarnesvegur-Breiðholtsbraut

Staða: Framkvæmdir við verkið hófust í byrjun september 2023. Breikkun Breiðholtsbrautar og malbikun austan Jaðarsels að Vatnsendahvarfi er að mestu lokið og unnið hefur verið við fyllingar undir Arnarnesveg og gangstíga við Arnarnesveg í Elliðaárdal. Vinna við nýja brú yfir Breiðholtsbraut er í gangi og uppsláttur fyrir brúardekk hennar er hafinn.

Vinnu í vegstæði Arnarnesvegar miðar vel og unnið hefur verið við klapparskeringar og undirbyggingu vegarins. Uppsteypa brúarstöpla fyrir nýja göngu- og hjólabrú yfir Arnarnesveg móts við Tónahvarf er að ljúka. Unnið er við breytingar á stofnlögnum heits og kalds vatns þar sem ný undirgöng koma undir Arnarnesveg við Rjúpnaveg auk tenginga frárennslislagna og framleiðsla á forsteyptum einingum undirganganna er hafin.

Unnið er að frágangi hljóðmana við Arnarnesveg og Breiðholtsbraut og ónothæfum lausum jarðefnum sem falla til vegna framkvæmdanna hefur verið ekið í Vetrargarð Reykjavíkurborgar sem er í uppbyggingu þar sem skíðabrekkan er við Jafnasel. Þessari vinnu er nú að ljúka og hefur verið sáð í stærstan hluta svæðisins. Unnið er við frágang á dælubrunni og stígatengingum við nýju undirgöngin undir Breiðholtsbraut á móts við Völvufell.

Við Elliðaár er uppsetningu göngu- og hjólabrú yfir Dimmu lokið en malbikun og frágangur á handriðum brúarinnar er ólokið. Unnið er að stígatengingum sitthvoru megin brúarinnar. Væntingar standa til þess að hægt verði að hleypa gangandi og hjólandi yfir brúna í sumar.

S5: Sæbrautarstokkur

Staða: Vinna við forhönnun lauk á öðrum ársfjórðungi 2024. Skipulagsvinna Reykjavíkurborgar á svæðinu er umfangsmikil. Gert er ráð fyrir að umhverfismatsskýrsla fari í opinbera kynningu samhliða kynningu á breyttu deiliskipulagi haustið 2025. Lýsing á væntum breytingum deiliskipulags hefur verið kynnt og samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði.

Framkvæmdir við nýja bráðabirgða göngubrú er nokkuð á eftir upphaflegri áætlun en brúin var hífð á undirstöður sínar 19. maí. Vinna við klæðningar stigahúsa er í gangi og áætlað er að fullfrágengið mannavirki verði tekið í notkun síðari hluta júní 2025.

S6: Gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar

Staða: Unnið er að undirbúningi útboðs fyrir for- og verkhönnun og stefnt er að útboðinu samhliða því að umhverfismat verkefnisins fari í kynningu í sumar. Nauðsynlegar breytingar á aðal- og deiliskipulagi verða unnar samhliða frekari hönnun.

S7: Reykjanesbraut: Álftanesvegur-Lækjargata

Staða: Vinna við samræmingu og uppfærslu frumdraga yfirborðslausna og jarðganga er langt komin og áætluð lok uppfærslunnar er í sumar. Samhliða uppfærslunni eru skoðaðir verkþættir sem snúa að MÁU og munu nýstast inn í fyrirhugaða matsskyldufyrirspurn eða uppfært MÁU vegna mislægra lausna eða MÁU jarðganga. Næstu skref í undirbúningi þessa verkefnis ráðast af ákvörðun um hvort ákveðið verði að fara í jarðgöng í stað yfirborðslausna eins og fyrirbyggjandi áætlanir gera ráð fyrir.

S8: Miklubrautarstokkur

Staða: Vinnu við frumdrög lauk í júlí 2024. Í frumdrögum var gerður samanburður á stökk samkvæmt upphaflegri skilgreiningu verkefnisins frá Kringlunni vestur fyrir Snorrabraut annars vegar og jarðgöng sem næðu frá sama stað vestan Snorrabrautar austur fyrir Grensásveg hins vegar með jarðganga tengingum við Kringlumýrarbraut móts við Bústaðaveg. Við uppfærslu Samgöngusáttmálans var tekin ákvörðun um að áframhaldandi vinna byggji á göngum í stað stokks. Stefnt að áframhaldandi forhönnun á næsta ári, 2026.

S9: Garðabæjarstokkur

Staða: Vinna við undirbúning þessa verkefnis er ekki hafin.

S10: Miklubraut – bráðabirgðatenging við Landspítala

Staða: Eins og sjá má í framkvæmdatöflu uppfærðs Samgöngusáttmála er gert ráð fyrir framkvæmdum við Miklubrautargöng á árunum 2033 – 2040 og því var talið nauðsynlegt að útbúa bráðabirgð tengingu fyrir Borgarlínu frá Valshlíð að Burknagötu til að tryggja góða tengingu og stöð við Landspítalann. Samhliða uppfærslunni voru greindir þrír mögulegir valkostir fyrir legu Borgarlínu þangað til hægt verður að byggja endanlega innviði hennar og fjármunir afmarkaðir í framkvæmdatöflunni. Valkostirnir voru kynntir fyrir umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkur 22. maí 2025 og stefnt að því að hönnun byggð á niðurstöðu valkostagreiningarinnar hefjist í haust. Þar er gert ráð fyrir að tengingu frá Arnarhlið að ljósastýrðum gatnamótum rampa Hringbrautar við Bústaðaveg.

2.2 Borgarlínan

Taflan að neðan sýnir áætlaðan kostnað (P50) Borgarlínunnar með vísitöluhækkun samkvæmt áætlunarvísitölu Vegagerðarinnar fyrir apríl 2025 ásamt bókuðum kostnaði á einstakar lotur 30. apríl 2025.

Verðlag apríl 2025 m.kr.: vísitala 25020	Uppreiknað P50	Bókaður kostnaður	Hlutfall
Borgarlína			
Ártún - Hlemmur - Hamraborg	50.640	5.205	10%
Hamraborg - Lindir	7.711	0	0%
Mjódd - BSÍ	17.818	45	0%
Fjörður - Miklabraut	20.631	121	1%
Ártún - Spöng	12.191	0	0%
Borgarlína um Keldur og Blikastaðaland	16.984	64	0%
Stöðvar utan sérrýmis lotu 1-6	6.669		0%
Undirbúningur verka	3.230		
	135.874	5.435	4%

Skipurit Borgarlínunnar var uppfært í apríl.

Lota 1: Ártún-Hlemmur og Hlemmur-Hamraborg

Staðsetning: Lota 1 er frá Ártúnshöfða í Reykjavík til Hamraborgar í Kópavogi. Fer um Elliðaárvog, Suðurlandsbraut, Miðborg, Vatnsmýri, Öskjuhlíð, Fossvog og Kársnes.

Staða

- Framkvæmdaáætlun var uppfærð síðastliðið haust til samræmis við uppfærslu Samgöngusáttmálans og nú í apríl var uppfærslan yfirfarin að nýju og nokkrar minni breytingar gerðar.
- Forhönnun á rúmlega helmingi lotunnar er lokið.
- VSÓ ráðgjöf hóf vinnu við lokahönnun (verkhönnun) í mars á kaflanum Laugavegur-Suðurlandsbraut.
 - Hönnunarútboð var kært 2024.
 - Sjálfkrafa stöðvun samningsgerðar var aflétt í febrúar.
 - Áhersla lögð á Hlemm í byrjun en samningur nær frá Snorrabraut að Mörkinni.
- Áframhaldandi hönnunarvinna
 - Undirbúningur fyrir forhönnun hefur verið í gangi á Vogatorgi.
 - Forhönnun er í gangi á Geirsnefi og gatnamótunum Suðurlandsbraut-Kringlumýrarbraut.
 - Verkhönnun er í gangi á Nauthólsvegi, HR svæði, brú í Ártúnshöfða, Fossvogsbrú og beggja vegna við hana.
 - Einnig er verkhönnun og samráð við hagaðila í gangi á stöðvunum og landslagshönnun (ljósastaurar, hellur, kantsteinar o.þ.h.).

- Framkvæmdir
 - Framkvæmdir við landfyllingar og sjóvarnir fyrir Fossvogsbrú hófust í janúar og áætluð verklok eru á seinni hluta næsta árs.
 - Útboð á framkvæmd Fossvogsbrúar var auglýst í maí, áætlað er að opna tilboð 26. ágúst nk.
- Matsskýrsla umhverfisáhrifa hefur verið í kynningarferli en því lauk í júní og álitserð Skipulagsstofnunar liggur fyrir.
- Breyting rammahluta aðalskipulags Kópavogs og Reykjavíkur hefur verið í opnu umsagnarferli.
 - Ferlinu er lokið, breytingarnar voru samþykktar í ráðum og staðfestar af bæjarráði og borgarstjórn í maí.
- Í framhaldi af kynningarferli aðalskipulagsbreytingar getur Reykjavíkurborg fljótlega samþykkt deiliskipulag Borgarlínu á Laugavegi, Nauthólsvegi og Ártúnshöfða en þau hafa lokið kynningarferli. Deiliskipulag HR er nú í kynningarferli. Vinna við deiliskipulag Suðurlandsbraut er í vinnslu, þ.á.m. samtal við lóðarhafa og áætlað er að það fari í kynningarferli í lok sumars. Deiliskipulag Vesturvarar á Kársnesi er í kynningarferli.
- Hönnunar- og framkvæmdaáfangar verkefnisins munu halda áfram að skarast og þannig hefjast verkhönnun og framkvæmdir við ákveðna leggi áður en forhönnun allrar lotunnar lýkur.
- Rammasamningsútboð framkvæmda er á lokastigum.
 - Framkvæmdaútboð áætlað á næstu mánuðum.
 - Leggir sem koma fyrst til framkvæmda, skv. áætlunum, eru á Nauthólsvegi, á HR-svæðinu og Bakkabraut.
 - Vinna er í gangi við gerð ferla fyrir framkvæmd og eftirlit, m.a. varðandi öryggismál.
- Áætlað er að hefja vinnu við rammasamningsútboð fyrir hönnun og eftirlit í lok sumars með það að markmiði að vera komin með fleiri hönnunarteymi að borðinu um áramót.
- Auk framvindu í undirbúningi og afgreiðslu nauðsynlegra skipulagsbreytinga mun tímalína framkvæmda áfram taka mið af öðrum framkvæmdum Samgöngusáttmálans, takmörkunum á mögulegum samtíma framkvæmdum vegna umferðarflæðis á höfuðborgarsvæðinu, nauðsynlegra framkvæmda veitufyrirtækja og framkvæmda annarra aðila sem liggja að áhrifasvæði fyrstu lotu Borgarlínunnar.



Ásýndarmynd úr verkhönnun Borgarlínustöðva og -brautarpalla.

Lota 2: Hamraborg-Lindir

Staðsetning: Sérrými er frá Hamraborg, með Hafnarfjarðarvegi, Fífuhvammsvegi að Hvammstorgi í Lindahverfi. Utan sérrýmis frá Hvammstorgi að Vallatorgi í Kórahverfi.

Staða:

- Lega: Kópavogsbær er búinn að taka ákvörðun um legu frá Hamraborg í Lindir. Mun sérrýmið liggja með Hafnarfjarðarvegi og Fífuhvammsvegi, sjá [Skipulagsráð - 169. fundur - 02.09.2024 | Kópavogur](#).
- Skilgreining: Búið að skoða plásspörf BRT kerfis fyrir leiðina og þau mannvirki sem þarf að fara um og jafnvel breyta.
- Frumdrög: Ekki er búið að bjóða út.

Lota 3: BSÍ-Mjódd

Staðsetning: Sérrými er frá BSÍ við gömlu Hringbraut, með Miklubraut, Sæbraut og Reykjanesbraut í Mjódd. Utan sérrýmis frá Mjódd upp í Seljahverfi.

Staða:

- Skilgreining: Búið að skoða plásspörf BRT kerfis fyrir leiðina og þau mannvirki sem þarf að fara um og jafnvel breyta.
- Frumdrög fyrir um Reykjanesbraut eru tilbúin, þau eru unnin með frumdrögum fyrir mislæg gatnamót við Reykjanesbraut-Bústaðarveg. Ekki er hafin vinna við frumdrög frá Vogabyggð að BSÍ.
- Forhönnun um Reykjanesbraut: Óvíst er með tímasetningu útboðs.
- Umhverfismatsskýrsla: Tilbúin í kynningu janúar 2025.

Lota 4: Fjörður-Miklabraut

Staðsetning: Sérrými er frá gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar, eftir Kringlumýrarbraut, Hafnarfjarðarvegi og Reykjavíkurvegi inn í Fjörð í Hafnarfirði. Utan sérrýmis, frá Skerjafirði að Lotu 1 í Suðurgötu og svo frá Firði að Völlum í Hafnarfirði.

Staða:

- Skilgreining: Búið að skoða plássþörf BRT kerfis fyrir leiðina og þau mannvirki sem þarf að fara um og jafnvel breyta.
- Frumdrög: Fyrir lotuna eftir Hafnarfjarðarvegi frá sveitarfélagsmörkum Reykjavíkur og Kópavogs að sveitarfélagsmörkum Kópavogs og Garðabæjar um Hamraborg áætlað að klárast í júlí 2025.
- Frumdrög fyrir Kringlumýrarbraut frá Miklubraut að sveitarfélagsmörkum Reykjavíkur og Kópavogs eru í rýni hjá hagsmunaaðilum, áætlað að klárast í september 2025.

Lota 5: Ártúnshöfði-Spöng

Staðsetning: Sérrými er frá Ártúnsholti, eftir Stórhöfða, Gullinbrú, Fjallkonuvegi, Hallsvegi, Langarima, Borgarvegi að Spöng. Utan sérrýmis að Egilshöll.

Staða:

- Skilgreining: Búið að skoða plássþörf BRT kerfis fyrir leiðina og þau mannvirki sem þarf að fara um og jafnvel breyta.
- Frumdrög: Ekki búið að bjóða út.

Lota 6: Gullinbrú-Háholt

Staðsetning: Sérrými er frá gatnamótum Stórhöfða, Gullinbrúar og Höfðabakka, eftir Stórhöfða, gegnum Keldur, eftir Blikastaðavegi, gegnum Blikastaðaland, eftir Baugshlíð, Skeiðholti, Langatanga, Bjarkarholti að Háholti í Mosfellsbæ.

Staða:

- Skilgreining: Búið að skoða plássþörf BRT kerfis fyrir leiðina og þau mannvirki sem þarf að fara um og jafnvel breyta.
- Frumdrög: Eru í gangi og er unnin samhliða þróunarvinnu rammahluta aðalskipulags Reykjavíkur ásamt deiliskipulags- og uppbyggingaráætlunum á grunni niðurstaðna samkeppni um Keldnaland. Áætlað er að frumdragavinnunni ljúki á haustmánuðum 2025.

2.3 Göngu- og hjólastígar

Taflan hér að neðan sýnir áætlaðan kostnað (P50) göngu- og hjólastíga með vísitöluhækkun samkvæmt áætlunarvísitölu Vegagerðarinnar fyrir apríl 2025 ásamt bókuðum kostnaði á einstaka flokka 30. apríl 2025.

Verðlag apríl 2025 m.kr.: vísitala 25020	Uppreiknað P50	Bókaður kostnaður	Hlutfall
Göngu- og hjólastígar			
Göngu- og hjólastígar utan Borgarlínu	10.837	3.087	28%
Göngu- og hjólastígar meðfram 1. lotu Borgarlínu	7.606	0	0%
Göngu- og hjólastígar meðfram 2. - 6. lotu Borgarlínu	14.171		0%
Göngu- og hjólastígar - viðbótarstígar	5.627		0%
	38.241	3.087	8%

Með tilkomu Samgöngusáttmálans hófst samstarf ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu við uppbyggingu stofnhjólanets höfuðborgarsvæðisins. Fyrstu framkvæmdirnar litu dagsins ljós í byrjun árs 2020. Síðan þá hafa verið byggðir um 10 km af stígum ásamt þremur undirgöngum og tveimur brúm. Í framkvæmd eru um 9 km af stígum, tvö undirgöng og tvær brýr. Stór hluti þeirra framkvæmda er í tengslum við nýjan Arnarnesveg.

Verkefnastaða: Stofnhjólanet höfuðborgarsvæðisins

Nr.	Verkefni	Forhönnun	Verkhönnun	Framkvæmd
H1	Kóp Fífuhvamsvegur; Lindarvegur-Uppsáir-Arnarnesvegur	Lokið	Lokið	Lokið
H1	Mos Varmá-Leirvogstunga	Lokið	Lokið	Lokið
H1	Rvk Eiðsgrandi og Ánanaust; Boðagrandi - Mýrargata	Lokið	Lokið	Lokið
H1	Rvk Geirsgata; Lækjargata-Tryggvagata	Lokið	Lokið	Lokið
H1	Rvk Bústaðarvegur undirgöng við Litlahlíð	Lokið	Lokið	Lokið
H1	Rvk Bústaðarvegur Veðurstofa-Litlahlíð	Lokið	Lokið	Lokið
H1	Rvk Bústaðarvegur brú yfir Krínglumýrarbraut og NV rampur	Lokið	Lokið	Lokið
H1	Rvk Bústaðarvegur við Sprengisand	Lokið	Lokið	Lokið
H1	Rvk Ellidaardalur - Stekkjarbakki-Arbaejarlaug	Lokið	Lokið	Lokið
H1	Rvk Ellidaardalur - Arbaejarlaug-Breidholtsbraut	Lokið	Lokið	Lokið
H1	Rvk Krínglum.br. frá Bústaðav að göngubr Fossvogi	Lokið	Lokið	Lokið
H1	Gbr Arnarneshæð undirgöng	Lokið	Lokið	Lokið
H1	Hfj Strandgata Fjörður-Vellir	Lokið	Lokið	Lokið
H1	Rvk Elliðaárdalur frá Árleið að Grænagrófsbrú	Lokið	Lokið	Lokið
H2	Rvk-Kóp Nýr Arnarnesvegur	Lokið	Lokið	Í vinnslu
H2	Rvk Elliðaárdalur Grænagrófsbrú og stígar að Dimmu	Lokið	Lokið	Í vinnslu
H2	Rvk Elliðaárdalur brú við Dimmu	Lokið	Lokið	Í vinnslu
H2	Rvk Skógarhlíð	Lokið	Lokið	Í vinnslu
H2	Kóp Ásbraut	Lokið	Lokið	
H2	Kóp Hafnarfjarðarvegur, Kársnesháls	Lokið	Lokið	Í vinnslu
H2	Gbr Hafnarfjarðarvegur Arnarneshæð suður við undirgöng	Lokið	Lokið	
H2	Hfj Reykjavíkurgvegur Norðurbær-Engidalur	Lokið	Lokið	
H2	Gbr brú yfir Álftanesveg	Í vinnslu		
H2	Gbr Hafnarfjarðarvegur við Ása	Lokið	Í vinnslu	
H2	Kóp Hafnarfjarðarvegur, við Voginn í KÓP	Lokið	Í vinnslu	
H2	Kóp Hafnarfjarðarvegur, norður uninganga við Arnarneshæð	Lokið	Lokið	
H2	Hfj Bæjarhraun Fjarðarhraun	Lokið	Lokið	Í vinnslu
H2	Seltj Nesvegur og Suðurströnd	Í vinnslu		
H2	Rvk Nesvegur og Ægissíða	Í vinnslu		

Stofnstígar við nýjan Arnarnesveg

<i>Framkvæmd</i>	Nýir aðskildir göngu- og hjólastígar meðfram nýjum Arnarnesvegi, ný brú yfir Arnarnesveg ásamt tveimur nýjum undirgöngum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.
<i>Staða</i>	Hluti af verksamningi Arnarnesvegar, klárast haustið 2026.

Ellidaárdalur – Ný brú við Grænugróf og stígar að nýrri brú við Dimmu

<i>Framkvæmd</i>	Ný hjóla og göngubrú yfir Elliðaár við Grænugróf ásamt nýjum aðskildum göngu- og hjólastígum með tengingu við fyrirbyggjandi stígakerfi í Elliðaárdal og nýjar stígateiningar við stofnstíga sem eru hluti af stígakerfi við Dimmu. Framkvæmdir hófust vorið 2024.
<i>Staða:</i>	Endanlegt handrið við brú og lokafrágangur fer fram í sumar, 2025.

Ellidaárdalur brú við Dimmu

<i>Framkvæmd</i>	Nýir aðskildir göngu- og hjólastígar ásamt brú yfir Elliðaár.
<i>Staða</i>	Hluti af verksamningi Arnarnesvegar. Langt á veg komið, klárast sumarið 2025.

Skógarhlíð

<i>Framkvæmd</i>	Nýir aðskildir göngu- og hjólastígar meðfram Skógarhlíð.
<i>Staða</i>	Framkvæmdir hófust haustið 2024, tafir urðu á framkvæmdum vegna viðræðna Reykjavíkurborgar við lóðarhafa og samningsgerðar vegna lóðabreytinga. Framkvæmdir eru í gangi og munu klárast í lok sumars 2025.

Ásbraut

<i>Framkvæmd</i>	Nýr hjólastígur meðfram Ásbraut, frá Kársnesbraut að Hamraborg.
<i>Staða</i>	Verkhönnun er lokið en framkvæmdir bíða vegna skipulagsmála, stefnt að framkvæmd 2026.

Kársnesháls, sunnan Hamraborgar að Kópavogsdal

<i>Framkvæmd</i>	Nýir aðskildir göngu- og hjólastígar við sunnanverðan Kópavogsháls.
<i>Staða</i>	Framkvæmdir hafnar og verða gerðar í tveimur áföngum, klárast 2026.

Hafnarfjarðarvegur, sunnan undirganga við Arnarneshæð

<i>Framkvæmd</i>	Nýir aðskildir göngu- og hjólastígar frá syðri gangnamunna undirganga við Arnarneshæð að Víflsstaðavegi.
<i>Staða</i>	Verkhönnun lokið, framkvæmdarútboð lokið. Framkvæmdir hefjast sumarið 2025.

Hafnarfjarðarvegur, Norðurbær- Engidalur

<i>Framkvæmd</i>	Nýir aðskildir göngu- og hjólastígar, vestan Reykjavíkurvegar, frá Suðurvangi í Hafnarfirði að sveitarfélagsmörkum Garðabæjar við Engidal.
<i>Staða</i>	Verkhönnun lokið, framkvæmdarútboð lokið. Framkvæmdir hefjast sumarið 2025.

Brú yfir Álftanesveg

<i>Framkvæmd</i>	Ný brú fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur yfir Álftanesveg, við gatnamót Álftanesvegar og Hafnarfjarðarvegar í Engidal.
<i>Staða</i>	Forhönnun í vinnslu.

Hafnarfjarðarvegur við Ásahverfi í Garðabæ

<i>Framkvæmd</i>	Nýir aðskildir göngu- og hjólastígar, vestan Hafnarfjarðarvegar við Ása í Garðabæ.
<i>Staða</i>	Forhönnun lokið, verkhönnun í vinnslu.

Hafnarfjarðarvegur í vogi Kópavogs

<i>Framkvæmd</i>	Nýir aðskildir göngu- og hjólastígar, vestan Hafnarfjarðarvegar við Voginn í Kópavogi.
<i>Staða</i>	Forhönnun lokið, verkhönnun í vinnslu.

Hafnarfjarðarvegur norðan undirganga við Arnarneshæð

<i>Framkvæmd</i>	Nýir aðskildir göngu- og hjólastígar, vestan Hafnarfjarðarvegar norðan við ný undirgöng við Arnarneshæð að sveitarfélagsmörkum Kópavogs.
<i>Staða</i>	Verkhönnun lokið, framkvæmdarútboð lokið, framkvæmdir hefjast sumarið 2025.

Fjarðarhraun við Bæjarhraun


<i>Framkvæmd</i>	Nýir aðskildir göngu- og hjólastígar, meðfram Fjarðarhrauni við Bæjarhraun, frá gatnamótum Fjarðarhrauns og Hafnarfjarðarvegar í Engidal að Flatahrauni.
<i>Staða</i>	Veitur halda utan um framkvæmdir, framkvæmt í tveimur áföngum, fyrri áfangi sumarið 2025 og eru þær framkvæmdir hafnar. Seinni framkvæmdir hefjast 2026.

Nesvegur og Suðurströnd

<i>Framkvæmd</i>	Nýir aðskildir göngu- og hjólastígar, meðfram Nesvegi á Seltjarnarnesi að gatnamótum við Suðurströnd ásamt stuttum kafla við Suðurströnd að Eiðsgranda.
<i>Staða</i>	Forhönnun í vinnslu.

Nesvegur og Ægissíða

<i>Framkvæmd</i>	Nýir aðskildir göngu- og hjólastígar, meðfram Nesvegi í Reykjavík og Ægissíðu að gatnamótum við Hofsvallagötu.
<i>Staða</i>	Forhönnun í vinnslu.



Ný brú fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur, í Elliðaárdal við Dimmu, í uppbyggingu.

2.4 Öryggi og flæði

Taflan hér að neðan sýnir áætlaðan kostnað (P50) umferðastýringar, umferðarflæði, öryggisaðgerðir, göngubrýr og undirgöng með vísitöluhækkun samkvæmt áætlunarvísitölu Vegagerðarinnar fyrir apríl 2025 ásamt bókuðum kostnaði á einstaka flokka 30. apríl 2025.


Verðlag apríl 2025 m.kr.: vísitala 25020	Uppreiknað P50	Bókaður kostnaður	Hlutfall
Umferðarstýring, aukið umferðarflæði, öryggisaðgerðir, göngubrýr og undirgöng			
Göngubrýr og undirgöng	3.334	462	14%
Umferðarstýring, aukið umferðarflæði og öryggisaðgerðir	10.420	1.795	17%
	13.754	2.257	16%

Í framkvæmdaáætlun Samgöngusáttmálans er gert ráð fyrir fjármagni í sameiginlegan útgjaldalið *umferðarstýring, aukið umferðarflæði og öryggisaðgerðir*. Fjármagn þessa liðar er nýtt í ljósastýringar, smærri framkvæmdir á stofnvegum til að bæta flæði og öryggi og smærri framkvæmdir vegna almenningsgangna.

2.5.1 Umferðarstýringar

Yfir tvö hundruð umferðarljós eru á höfuðborgarsvæðinu. Alls eru ljósastýringar á tæplega 90 gatnamótum og göngupverunum í sameign Vegagerðarinnar og viðkomandi sveitarfélags þar sem þjóðvegur og sveitarfélagsgata eða gönguleið mætast. Betri samgöngum fjármagna endurnýjun og uppsetningu umferðarljósabúnaðar og innleiðingu nýrra tæknilausna á þessum stöðum sem eru á umferðarmestu stofn- og tengibrautum höfuðborgarsvæðisins og gegna lykilhlutverki í samgöngum milli sveitarfélaga og stærri hverfa.

Samstarfshópur Vegagerðarinnar og SSH vinnur að úrbótum í samræmi við aðgerðaáætlun í ljósastýringarmálum frá 2021, skilgreindum markmiðum og mælikvörðum fyrir hönnun, rekstur og viðhald umferðarljósastýringa og niðurstöðum úttekta á stöðu búnaðar og stýringa. Stöðugt er unnið að endurnýjun tækja- og hugbúnaðar til að nýta nýja tækni og auka möguleika á sem bestri virkni á hverjum tíma. Á korti að neðan má sjá ljósastýringar á höfuðborgarsvæðinu og hvar umferðarljósabúnaður hefur verið endurnýjaður síðustu ár.



Á árinu 2024 var farið í ítarlega yfirferð og greiningu á umferðarljósastýringum á um 70 gatnamótum og unnu sérfræðiráðgjafar tillögur til úrbóta á uppfærslu stýringa á hverjum stað fyrir sig með það að markmiði að tryggja umferðaröryggi, lágmarka mengun og bæta flæði. Innleiðing þeirra úrbóta hófst í fyrra og var fram haldið á fyrri hluta ársins.

2.5.2 Umferðarflæði og öryggisaðgerðir

Auk ofangreindra endurnýjunar- og umbótaverkefna í umferðarljósastýringum er fjármagni Samgöngusáttmálans af þessum fjárfestingalið varið í smærri framkvæmdir til að bæta flæði og öryggi. Smærri verkefni til að bæta flæði og öryggi og almenningssamgöngur á stofnvegum eru unnin jafnt og þétt eftir þörfum. Dæmi um verkefni síðustu ára eru lenging beygjuvasa og aðrar breytingar á gatnamótum Reykjanesbrautar við Bústaðaveg og Sæbraut við Kleppsmýrarveg og Skeiðarvog. Endurbætur á gatnamótum á Seltjarnarnesi, Garðabæ og í Reykjavík, bætt umferðaröryggi við göngupveranir, uppsetning vegriða og nýjar strætóstöðvar fyrir almenningssamgöngur á Bústaðavegi við Hlíðarenda og á Kringlumýrarbraut í Fossvogi.

Verkefnastaða: Flæðisbætandi aðgerðir

Verkefni	Staðsetning	Athugasemd	Framkvæmd
Endurbætur við gatnamót	Suðurströnd/Nesvegur	Lokið	Lokið
Endurbætur við gatnamót	Hringbraut/Hofsvallagata	Lokið	Lokið
Endurnýjun gatnamóta	Álftanesvegur/Garðahraunsvegur	Lokið	Lokið
Bannsvæði tekið út	Reykjanesbraut	Lokið	Lokið
Lenging vinstribeygjuvasa	Reykjanesbraut við Bústaðaveg	Lokið	Lokið
Lenging vinstribeygjuvasa	Sæbratur við Skeiðarvog	Lokið	Lokið
Strætóvasi	Bústaðavegur við Hlíðarenda	Lokið	Lokið
Strætóstöðvar	Hafnarfjarðarvegur við Fossvog	Lokið	Lokið
Strætórein	Kringlumýrarbraut	Lokið	Í vinnslu



Nýjar strætóstöðvar við Fossvog.

Verkefnastaða: Vegrið

Verkefni	Staðsetning	Undirbúningur	Framkvæmd
Lengja vegrið	Arnarnesvegur við Salarskóla, við undirgöng	Lokið	Lokið
Lengja vegrið	Reykjanesbraut til Suðurs (41-12_800)	Lokið	Lokið
Vegrið við gönguleið	Brú yfir Reykjanesbraut, Kaupún	Lokið	Lokið
Vegrið við gönguleið	Brú yfir Reykjanesbraut, Vífilstaðavegur	Lokið	Lokið
Nýtt miðjuvegrið	Sæbraut - miðjuvegrið, frá Kringlumýrarbraut að Súðarvogi	Lokið	Lokið
Nýr tvöfaldur öryggisendi og vegrið	Nesbraut við innkeyrslu á Reykjanesbraut við gömlu Elliðaárbrúna.	Lokið	Lokið
Kantvegrið við stíg	Sæbraut frá Sundagörðum að Laugarnestanga	Lokið	Lokið
Nýtt miðjuvegrið	Reykjanesbraut á milli Arnarnesvegur og Vífilstaðavegar	Lokið	Lokið
Kantvegrið austan vegar	Suðurlandsvegur við Rauðavatn	Lokið	Lokið



Vegrið við gangstétt á brú við Kaupún yfir Reykjanesbraut.

Verkefnisstaða: Öryggisaðgerðir

Verkefni	Staðsetning	Undirbúningur	Framkvæmd
Uppsetning netagirðingar í stað teinagíðringa	Ýmsir staðir	Lokið	Lokið
Uppsetning einstaka skilta	Ýmsir staðir	Lokið	Lokið
Auka sjónlengdir með því að fjarlægja gróður	Ýmsir staðir	Lokið	Lokið
Endurnýjun miðeyja, upphækkun gangbraut, bætt lýsing	Sæbraut/Skeiðarvogur	Lokið	Lokið
Endurbætur við göngubætur	Hallsvegur	Lokið	Lokið
Göngubætur, endurbætur	Ánanaust og Eiðsgrandi	Lokið	Lokið
Endurnýjun miðeyja, upphækkun gangbraut, bætt lýsing	Kringlumýrarbraut/Miklabraut	Lokið	Lokið
Göngubætur, endurbætur	Arnarnesvegur við Fífuhvamsveg	Lokið	Lokið
Vegrið við gangstéttar á brúm	Kaupún og Vífilstaðavegur við Reykjanesbraut	Lokið	Lokið
Bættar göngubætur	4 staðir í Hafnarfirði	Lokið	Í vinnslu
Endurnýjun miðeyja, upphækkun gangbraut, bætt lýsing	Njarðargata/Hringbraut	Lokið	
Göngubætur, endurbætur	Njarðargata við Sturlugötu	Lokið	
Endurhönnun	Nýbýlavegur	Í vinnslu	
Undirgöng fyrir gangandi vegfarendur	Flóttamannaleið við Urriðaholt	Í vinnslu	
Endurnýjun miðeyja, upphækkun gangbraut, bætt lýsing	Grensásvegur/Miklabraut	Í vinnslu	




Fyrir breytingar



Eftir breytingar

Endurbætur á gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Merktar gangbrautir á upphækkun við framhjáhlauð, endurbætur á miðeyju við framhjáhlauð og bætt lýsing gönguleiða við gatnamótin.




Endurbætur göngupverunar við Ánanaust í Reykjavík.

3. Fjármögnun

3.1 Keldnalandið

Fyrirtækinu var falið að annast þróun og sölu lands að Keldum með Samgöngusáttmálanum. Allur ábati af þróun og sölu landsins mun renna óskertur til uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu. Í Samgöngusáttmálanum var ákveðið að flýta uppbyggingu framtíðarhverfis að Keldum sem og framkvæmdum við Borgarlínuna sem fara á um hverfið endilangt. Frá miðju ári 2021 hefur fyrirtækið í samstarfi við Reykjavíkurborg látið vinna undirbúningsrannsóknir og grunngreiningar fyrir skipulagsgerð. Í desember 2022 gengu ríkissjóður og Betri samgöngur frá samningi sín á milli um að félagið taki við landsvæðinu við Keldur og Keldnaholt ásamt þeim réttindum og skyldum sem því tengjast.

Alþjóðlegri samkeppni um þróunar- og uppbyggingaráætlun fyrir svæðið lauk haustið 2023. Nú stendur yfir vinna við frekar undirbúning rammahluta aðalskipulags Reykjavíkur ásamt deiliskipulags- og uppbyggingaráætlunum á grunni niðurstaðna samkeppninnar. Verklýsing skipulagsgerðar og umhverfismats fyrir rammahluta aðalskipulags var kynnt í september 2024 og stefnt er á að drög að tillögu verði kynnt sumarið 2025. Stefnt er að því að fyrstu skipulagsáætlanir fyrir svæðið verði staðfestar árið 2026 og í húsnaðisáætlun Reykjavíkurborgar 2025-2034 er gert ráð fyrir að úthlutun byggingarhæfra lóða fyrir íbúðarhúsnaði á Keldnalandi hefjist árið 2029. Skipulagningu og uppbyggingu verður skipt í minni áfanga, enda ljóst að svo stórt og fjölmennt hverfi verður í uppbyggingu langt fram á næsta áratug. Svæðið í heild er um 115 hektarar og vinningstillagan gerir ráð fyrir að þar rísi 3-5 hæða byggð fyrir um 12 þús. íbúa og 8 þús. störf með þremur Borgarlínustöðvum.



Tölvugerð loftmynd af nýju hverfi á Keldnalandi



Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026

3.2 Flýti- og umferðargjöld

Í Samgöngusáttmálanum og lögum um félagið er kveðið á um að Betri samgöngur eigi að innheimta flýti- og umferðargjöld, verði ákveðið með lögum að leggja slík gjöld á. Í sáttmálanum frá árinu 2019 var að því stefnt að þessi gjaldtaka fyrir akstur á milli skilgreindra svæða eða önnur fjármögnun ríkisins stæði undir helmingi heildarfjárfestingar. Tekjur af gjaldtökunni yrðu að fullu nýttar í samgönguuppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við ákvæði sáttmálans.

Gjaldtaka í samgöngum er að breytast með breyttum orkugjöfum bifreiða og aukinni þekkingu á ytri kostnaði samgangna. Unnið er að heildstæðri endurskoðun á gjaldtöku af ökutækjum og umferð, undirbúningi gjaldtöku til fjármögnunar á einstökum þáttum samgönguinnviða ásamt greiningum á svæðisbundinni gjaldtöku eins og flýti- og umferðargjöldum.

Betri samgöngur hófu haustið 2021 skoðun á mögulegum útfærslum flýti- og umferðargjalda í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneyti, innviðaráðuneyti og SSH. Fjármála- og efnahagsráðuneytið og innviðaráðuneyti hafa sett á fót verkefnastofu sem vinnur að mótun tillagna um nýtt fyrirkomulag tekna af vegasamgöngum til framtíðar og munu Betri samgöngur vinna áfram með verkefnastofnunni að skoðun á flýti- og umferðargjöldum.

Í uppfærðum Samgöngusáttmála er gert ráð fyrir að flýti- og umferðargjöld, eða aðrar fjármögnunarleiðir ríkisins, skili alls um 143 ma.kr. frá og með árinu 2030 og að gjaldtakan geti staðið undir skuldbindingum sem eftir kunna að standa við árslok 2040.

3.3 Lántökur

Fyrirtækið hefur heimildir til lántöku til að tryggja viðunandi sjóðstreymi og jafna út misræmi á milli fjárfestinga annars vegar og tekna hins vegar eftir árum. Skv. 1. málsl. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 81/2020 um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu er fyrirtækinu heimilt að taka lán umfram það sem fjármagnað er með framlögum til fyrirtækisins, rúmist það innan heildarfjárfestingar og sé metið hagkvæmt fyrir framgang uppbyggingar samgönguinnviða og annarra verkefna þess. Skv. 2. málslíð er lántaka háð því skilyrði að ríkissjóður veiti lán eða ríkisábyrgð verði lán tekið frá öðrum aðila.

4. Innri mál

4.1 Aðalfundur og stjórn

Aðalfundur var haldinn 30. apríl þar sem Eyjólfur Árni Rafnsson, doktor í byggingarverkfræði, var kjörinn formaður stjórnar. Eyjólfur Árni hefur setið í stjórn Betri samgangna frá stofnun fyrirtækisins. Hann tók við af Ragnhildi Hjaltadóttur, fyrrum ráðuneytisstjóra. [Frétt um aðalfundinn má nálgast hér.](#)

Stjórnarfundir eru að jafnaði haldnir annan og fjórða fimmtudag í hverjum mánuði og stjórn hefur alls haldið 106 fundi.

4.2 Umbætur á stjórnkerfi Samgöngusáttmálans

Viðræðuhópur um uppfærslu Samgöngusáttmálans fól sérstökum rýnihópi að fara yfir stjórnskipulag og starfshætti sáttmálans. Í [minnisblaði hópsins](#) var aðgerðaáætlun þar sem fyrirtækinu, Vegagerðinni, innviðaráðuneytinu og SSH voru falin verkefni. Betri samgöngur hafa lokið öllum sínum verkefnum, nema þeim sem snúa að samstarfi við Vegagerðina. Frá því í október hafa viðræður við Vegagerðina staðið um uppfærðan rammisamning sem tekur m.a. á þeim atriðum. Viðræður hafa gengið of hægt, en stjórn leggur áherslu á að þeim ljúki fyrir júlí.

4.3 Skrifstofa

Skrifstofa fyrirtækisins á Grandagarði 16 var aðeins með pláss fyrir fjóra starfsmenn og því var ljóst að finna þyrfti nýtt húsnæði í kjölfar uppfærslu Samgöngusáttmálans. Þegar verkefnastofa Borgarlínunnar fluttist frá Vegagerðinni, og fleira starfsfólk bættist í hópinn, fékkst bráðabirgðahúsnæði hjá FSRE í Borgartúni 26. Í mars flutti fyrirtækið í framtíðarhúsnæði á 3. og 4. hæð í Hafnarstræti 7. Það rúmar starfsfólk Betri samgangna og verkefnastofu Borgarlínunnar ásamt ráðgjöfum sem vinna að afmörkuðum verkefnum fyrir fyrirtækið.

4.4 Stefnumótun

Í kjölfar uppfærslu Samgöngusáttmálans fóru stjórn, varastjórn og starfsfólk í vinnu við innri stefnumótun. Meginniðurstöður má sjá að neðan.

Stefnuyfirlýsing

- *Tilgangur:* Að auka lífsgæði íbúa og gesta á höfuðborgarsvæðinu með því að skapa nútímalegt, skilvirkt og sjálfbært samgöngukerfi.
- *Hlutverk:* Framkvæmd Samgöngusáttmálans með fjárfestingu í fjölbreyttum samgöngulausnum sem bæta tengingar, stytta ferðatíma, auka umferðaröryggi og stuðla að umhverfisvænni samgöngumátum.
- *Loforðin*
 - Greiðari og fjölbreyttari ferðamátar
 - Aukið umferðaröryggi

- Bætt lýðheilsa
- Kolefnishlutlaust samfélag
- Samvinna og skilvirk framkvæmd

Gildi

- Ábyrgð
- Samvinna
- Árangur

Framtíðarsýn

- Að framkvæmd Samgöngusáttmálans hafi skilað greiðum og fjölbreyttum ferðamátum og að afkastageta samgöngukerfisins á höfuðborgarsvæðinu hafi aukist árið 2040 með uppbyggingu fjölbreyttari ferðamáta.
- Að uppbygging samgönguinnviða Samgöngusáttmálans stuðli að minnkun kolefnisspors og bættri lýðheilsu.
- Að árangursdrifin verkefnastjórn styðji agaða og skilvirka framkvæmd, rekstur og hámarksárangur í verkefnum Betri samgangna.
- Betri samgöngur verði eftirsóknarverður vinnustaður þar sem starfar fjölbreyttur hópur fólks með djúpa sérfræðipækkingu. Starfsánægja verði ávallt yfir aðgerðabili (yfir 3,0 eða 75% í ánægjukönnunum).
- Betri samgöngur verði þekktar fyrir aga og ábyrgð í áætlanagerð, eftirfylgni og framkvæmd verkefna. Rík áhersla verði á hagstæða fjármögnun, virka útboðspáttöku, tímaáætlanir og kostnaðargát sem skilar góðum rekstri og árangri í framkvæmdum.

Aðgerðaráætlun

Jafnframt var sett fram aðgerðaáætlun sem hófst strax og gildir til næstu missera. Lögð var áhersla á skýrar aðgerðir með árangursmælikvörðum og skýrri ábyrgð.

Aðrar stefnur

Auk ofangreindrar stefnumótunar, og starfskjarastefnu sem aðalfundur samþykkir árlega, hefur stjórn sett eftirtaldar stefnur á árshlutanum í samræmi við lög og reglur sem gilda um fyrirtækið og það sem tíðkast hjá öðrum opinberum hlutafélögum:

- Lausafjórðingastefna 27. febrúar.
- Innkaupastefna- og reglur 13. mars.
- Persónuverndarstefna 8. maí.
- Stefna og viðbragðsáætlun gegn EKKO (einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi) 8. maí.
- Mannauðsstefna 12. Júní.



BETRI
SAMGÖNGUR

Hafnarstræti 7
101 Reykjavík
betrisamgongur.is

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026